Tillaga til þingsályktunar

um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma.

Flm.: Þórarinn Ingi Pétursson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Stefán Vagn Stefánsson,
Halla Hrund Logadóttir, Ingibjörg Isaksen, Þorgrímur Sigmundsson,
Bergþór Ólason, Ingveldur Anna Sigurðardóttir,
Karl Gauti Hjaltason, Njáll Trausti Friðbertsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að útbúa tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á eftirfarandi tegundum fugla utan hefðbundins veiðitíma þeirra:

a. álft, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökrum og túnum frá 15. mars til 20. ágúst,
b. álft á kornökrum frá 1. maí til 1. október.

Leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna verulegs ágangs fugla á tún og kornakra.

Ráðherra geri einnig stjórnunar- og verndaráætlun fyrir álftir og gæsastofna á Íslandi í samvinnu við Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun og hagsmunaaðila.

Ráðherra greini Alþingi frá tillögum sínum og leggi fram skýrslu um áætlunina eigi síðar en 1. febrúar 2027.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er byggð á tillögum sem lagðar voru fram á 150. og 151. löggjafarþingi. Tillagan var áður flutt á 157. löggjafarþingi (216. mál) og er nú endurflutt með nýjum upplýsingum um mikilvægi málsins.

Álftir, grágæsir, heiðagæsir og helsingjar valda miklu tjóni á túnum og kornökrum. Þörf er á að finna leiðir fyrir bændur til þess að stemma stigu við ágangi álfta og gæsa. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun og Bændasamtök Íslands hafa tekið saman upplýsingar um ágang af völdum gæsa og álfta á ræktarlönd. Hægt er að byggja á þeirri vinnu við mat á þörf til að bregðast við ágangi. Eftir sem áður þarf að tryggja vernd stofnanna og meta árangur aðgerðanna.

Álft.

Álftir þurfa að éta um 300 g á dag af þurrefni. Ungfuglar safnast oft í stórum hópum í nýrækt og á kornökrum. Þörf er á að veita staðbundna undanþágu frá friðun til þess að bregðast við því tjóni.

Álft hefur verið friðuð á Íslandi frá árinu 1913 en álftarstofninn hefur stækkað verulega síðan þá. Um 1960 var stofninn talinn um 3.000–5.000 fuglar. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og orkustofnun og Náttúruverndarstofnun hefur stofninn vaxið stöðugt í að minnsta kosti 30 ár og taldi um 43.000 fugla í janúar 2020.

Álftin er að mestu farfugl og hefur aðallega vetrardvöl á Bretlandseyjum. Innan við 5% stofnsins dvelur hér á landi yfir veturinn, bæði við ströndina á Suðvestur- og Vesturlandi og

á lindasvæðum á Suður- og Norðausturlandi samkvæmt vetrarfuglatalningum á vegum Náttúruverndarstofnunar.

Grágæs.

Grágæsir sækja mikið í grænan gróður yfir sumartímann og kornakra á haustin. Þær þurfa að éta um 150 g á dag af þurrefni. Stofnstærð grágæsa er í kringum 60.000 fuglar. Kjörsvæði hennar er láglendi um allt land og gerir hún sér iðulega hreiður, grunnan bolla á grónu landi, í hólmum, mýrum, nálægt vatns- og árbökkum, í lyngmóa eða kjarri, í klettum og jafnvel ræktarlandi.

Heiðagæs.

Kjörsvæði heiðagæsa er á hálendinu en við komuna til landsins fara heiðagæsir talsvert í ræktarlönd áður en þær halda til heiða. Heiðagæs étur um 130 g á dag af þurrefni. Gróður er víða viðkvæmur á hálendi Íslands og má ætla að fuglinn gangi nærri honum á viðkvæmum svæðum. Stofninn er gríðarlega sterkur og fer stækkandi. Íslensk-grænlenski stofninn hefur stækkað mjög undanfarna áratugi, árið 1952 var hann 23.000 fuglar en er nú í sögulegu hámarki, um 500.000 fuglar.

Helsingi.

Helsingjastofninn á Íslandi hefur vaxið mjög eins og aðrir helsingjastofnar í Evrópu. Hann var stærstur um 81.000 fuglar árið 2013 og hafði fækkað í 72.000 fugla árið 2018, m.a. vegna skipulagðra fækkunaraðgerða skoskra stjórnvalda. Varpstofn helsingja hefur tekið mjög vel við sér undanfarin ár en frá aldamótum hefur honum fjölgað úr nokkrum hundruðum í um 3.000. Helsingi er ekki á válista.

Ágangur á tún og akra.

Bændur hafa reynt að verjast ágangi fugla með ýmsum hætti, bæði með sjónrænum og hljóðrænum aðferðum. Þær duga þó skammt þar sem fuglinn er fljótur að venjast fælum og kemur fljótt aftur í tún og akra. Sömu aðferðir eru notaðar í öðrum löndum og hafa fuglarnir einnig vanist fælum þar. Með vörnunum er aðeins verið að hrekja fuglana tímabundið af ákveðnum svæðum en þeir leita þá gjarnan til nærliggjandi akra. Slík tilfærsla á vandamálinu er ekki skynsamleg lausn til lengdar og er því nauðsynlegt að bregðast við með aukinni forsjálni.

Tjón.

Álftir og gæsir teljast til andfugla og eru grasbítar. Þær sækja frekar í tún sem eru í góðri rækt en lélegri. Þær eiga auðvelt með að greina fóðurgildi gróðurs og velja sér bithaga eftir því. Ágangur álfta og gæsa veldur bændum fjárhagslegu tjóni og einskorðast sá vandi ekki við Ísland. Árið 2016 kom út skýrsla á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um tjón af völdum álfta og gæsa árin 2014 og 2015. Á þessu tímabili gátu bændur tilkynnt rafrænt um tjón sitt á Bændatorginu. Niðurstaða skýrslunnar var að tjón vegna ágangs fugla var mest á túnum. Í flestum tilvikum var um að ræða fleiri en eina fuglategund sem olli tjóni á tilteknu ræktarlandi. Fram kom að mun fleiri tjónatilkynningar bárust árið 2014 en árið eftir. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar má ætla að margir bændur hafi látið hjá líða að tilkynna um tjón því að lítið hafi áunnist undanfarin ár í að fá tjón viðurkennt eða bætt eða að fá viðeigandi úrræði til að verjast ágangi.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Frá árinu 2013 hefur Ísland verið aðili að samningnum um vernd farfugla og votlendisfugla í Afríku og Evrasíu (e. *African-Eurasian Migratory Waterbird Agreement*, *AEWA*). Samningurinn kveður á um aðgerðir til verndunar votlendisfuglum á viðkomustöðum þeirra og nær til fjölda fuglategunda sem verpa eða hafa áningarstað á Íslandi. Á grundvelli samningsins geta ríki ákveðið að vinna að því að stýra stofnstærðum fuglategunda sem valda skemmdum á uppskeru. Aðilar að AEWA-samningnum hafa ráðist í gerð áætlana til að hafa áhrif á stærð gæsastofna í Evrópu, m.a. vegna heiðagæsar, grágæsar og helsingja. Árið 2012 var t.d. gerð áætlun um að minnka stærð Svalbarðastofns heiðagæsa í Danmörku og Noregi í samstarfi við Holland og Belgíu niður í u.þ.b. 60.000 fugla (gildistími 2012–2022). Takmarkið náðist tveimur árum síðar. Markmið áætlunarinnar um Svalbarðastofninn er að viðhalda stofnstærðinni í 60.000 fuglum til þess að lágmarka skaða sem gæsirnar valda á uppskeru og gróðri í freðmýri (túndru) án þess að gera út af við stofninn. Hugmyndin um tjónveiði helst í hendur við 43. gr. frumvarps til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda og lagt fram á 151. löggjafarþingi en varð ekki að lögum. Í áðurnefndri grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun og Náttúruverndarstofnun) geti veitt tímabundna og skilyrta undanþágu til veiða á tiltekinni tegund villtra fugla, enda sé sýnt fram á raunverulega og skilgreinda hættu á tjóni af þeirra völdum í ákveðnum tilvikum eða á tilteknum stöðum eða svæðum, og undanþágan sé í samræmi við samþykkta stjórnunar- og verndaráætlun hlutaðeigandi tegundar. Í umsögn Bændasamtakanna um frumvarpið kom eftirfarandi athugasemd fram um 43. gr.:

„Það blasir við að tjón af völdum ágangs álfta og gæsa er umtalsvert og nauðsynlegt að bregðast við því með því að taka til nánari skoðunar þau ákvæði sem snúa að tímabundinni afléttingu friðunar álfta og gæsa. Tjón af þeirra völdum er mest á túnum og liggur fjárhagstjónið þar, annars vegar vegna beitar og hins vegar átroðnings. Um þetta vísast einnig til skýrslu sem unnin var af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um tjón af völdum álfta og gæsa árin 2014 og 2015. Þar segir m.a. að á þeim tíma hafi bændur tilkynnt tjón rafrænt og að í flestum tilvikum hafi verið um að ræða fleiri en eina fuglategund sem olli tjóni á tilteknu ræktarlandi. Meðaluppskera korns sé um 3,5 tonn/ha. og hálmuppskera um 1,8 tonn/ha. Af 85 hekturum megi áætla að um 294 tonn af korni og 147 tonn af hálmi hafi tapast. Markaðsvirði byggs sé um 47 kr./kg og hálmverð um 20 kr./kg þurrefnis. Heildartap var því áætlað um 16,8 millj. kr. Ef gert væri ráð fyrir að sama vægi tjóns gilti fyrir allar fuglategundir sem hefðu valdið tjóni samkvæmt skráningu mætti gera ráð fyrir að álftin ein og sér hefði valdið kornrækt uppskerutjóni að verðmæti 6,4 millj. kr., ef tekið er mið af meðaltali áranna 2014 og 2015 og tilkynningum bænda þar um.

Svipaðar varnir hafa verið notaðar hérlendis árum saman en fuglarnir aðlagast þeim jafnóðum og þær hafa því ekki tilætluð áhrif. Undanþága skv. 1. mgr. 43. gr. er skilyrt við *óvenjumikinn ágang*. Óljóst er hvað felst í því en það þarf að tryggja að viðeigandi aðgerðir séu heimilar bændum hverju sinni til að verjast ágangi, mikið tjón getur orðið án þess að um óvenjumikinn ágang sé að ræða. Bændasamtökin telja eðlilegt og sanngjarnt að bændum verði veitt skýr heimild til að verjast ágangi ásamt því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sem því tengist verði sett í forgang.“

Niðurlag.

Flutningsmenn tillögunnar telja bráðnauðsynlegt að setja markmið um stærð stofna álfta og gæsa. Þá er mikilvægt að til verði skýr heimild og áætlun um veiðar á álft og gæs í því

skyni að minnka tjón bænda, hvort sem hún felur í sér breytingar á lögum eða eftir atvikum reglugerðum þar að lútandi. Samhliða þessari aðgerð er einnig lagt til að gerð verði áætlun um að tryggja vernd stofnanna. Nýleg dæmi sanna að skaði af álftum, grágæsum, heiðagæsum og helsingjum á tún og kornakra fer vaxandi, sem og fjárhagslegt tjón. Við óbreytt ástand verður ekki unað.